

STJÓRNARTÍÐINDI A 4 – 1999

16. mars 1999

21

Nr. 8

LÖG

um breyting á áfengislögum, nr. 75 15. júní 1998.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Við 3. mgr. 5. gr. laganna bætist: nema annað sé tekið fram.

2. gr.

Við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 5. mgr., svohljóðandi:

Fyrir útgáfu leyfis til áfengisveitinga skal greiða til sveitarfélags sem hér segir:

- a. leyfi til sex mánaða eða skemur 20.000 kr.,
- b. leyfi til eins árs eða skemur 30.000 kr.,
- c. leyfi til lengri tíma en árs og til og með tveggja ára 50.000 kr.,
- d. leyfi til lengri tíma en tveggja ára 100.000 kr.

3. gr.

Við 16. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 5. mgr., svohljóðandi:

Um gjald fyrir leyfi samkvæmt grein þessari fer skv. 5. mgr. 14. gr. og 3. mgr. 17. gr. eftir því sem við á.

4. gr.

Við 17. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 3. mgr., svohljóðandi:

Fyrir útgáfu leyfis samkvæmt þessari grein skal greiða til sveitarfélags 5.000 kr.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla brott 20. og 21. tölul. 11. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88 31. desember 1991, sbr. lög nr. 140/1995.

Gjört í Reykjavík, 16. mars 1999.

Davíð Oddsson.

Ólafur G. Einarsson.
(L. S.)

Pétur Kr. Hafstein.

Þorsteinn Pálsson.